

## Re: Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 vegna lagningu jarðstrengs

**Til** : Sigurðis Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>; Norðurland <nordurthing@nordurthing.is>  
**Frá** : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>  
**CC** : Eydis Lindal Finnbogadóttir - NI <Eydis.L.Finnbogadottir@ni.is>  
**Heiti** : Re: Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 vegna lagningu jarðstrengs  
**Málsnúmer** : 202208126  
**Málsaðili** : Landsnet hf  
**Skráð dags** : 16.01.2023 15:23:12  
**Höfundur** : Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurðsson@ni.is>  
**Viðhengi** [image001.png](#)

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202212-0007 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurlands, dags. 6. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 vegna lagningu jarðstrengs.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu tillögunnar þann 19. október 2022. Í þeirri umsögn var vísað í umsögn Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar við lagningu strengsins, dags. 1. september 2022. Aftur er vísað í þá umsögn en þar kemur m.a. fram eftirfarandi:

“...framkvæmdin er öll á Skildingahrauni sem er nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Skildingahraun er yngra en 14 500 ára og á því er jarðvegs og gróðurhula svo lítið sést í hraunmyndunir. Nokkrir rishólar standa upp úr gróðurhulunni og sprungur eru áberandi í hrauninu en strengleiðin sneiðir frá þeim að mestu. Það er því ekki talið að rask verði mikið á jarðminjum” enda strengurinn lagður í vegkanti að mestu leyti.

Einnig segir að “strengleiðin fer ekki um nein svæði á náttúruvinnjaskrá, friðlýst svæði eða svæði [sem tilnefnd eru] á B-hluta náttúruvinnjaskrár”.

Vísað er í þessa umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar í greinargerð aðalskipulagstillögunnar þar sem fjallað er um áhrif á gróður m.a. að engar válistaplöntur séu skráðar á strengleiðinni. Náttúrufræðistofnun vill ítreka fyrri ábendingu um að við lagningu strengsins þarf að gæta þess að ekki berist framandi plöntutegundir með aðfluttum sandi. Útbreiðsla þeirra myndi rýra verndargildi hraunsins.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun almennt ítreka mikilvægi þess að forðast allt óþarfa rask á hrauninu sem og gróðri svæðisins.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir"

**To:** "Móttaka - NI"

**CC:**

**Subject:** Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 vegna lagningu jarðstrengs

**Date:** 6.12.2022 11:07:16

Góðan dag

**Efni: Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 vegna lagningu jarðstrengs.**

Sveitarstjórn Norðurlands kynnir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030 vegna lagningu jarðstrengs frá Þeistareykjum að Kópakerslínu 1.

Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurlands að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða í tölvupósti á [nordurthing@nordurthing.is](mailto:nordurthing@nordurthing.is) fyrir 19.janúar 2023.

Þetta mun einungis berast rafrænt nema að óskað sé eftir öðru.

**Fylgiskjöl:**

1. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030.
2. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Norðurlands 2010-2030. Auglýsing

Kveðja

**Sigurdís Sveinbjörnsdóttir**

**Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa**

Stjórnsýsluhúsi Norðurlands | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100

[Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer](#)